

Reykjavík, 27. september 2018

**Til:** Umhverfis- og heilbrigðisráð.**Efni:** Fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokks varðandi losun ruslastampa.

Vísað er til fyrirspurnar fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Miðflokks varðandi losun ruslastampa í Reykjavík dagsetta til undirritaðs þann 25. september sl. Óskað er upplýsinga um fjölda ruslastampa á almannafæri í borginni, sundurliðað eftir hverfum. Jafnframt er óskað upplýsinga um hversu oft þeir eru tæmdir.

Skráðir ruslastampar í Reykjavíkurborg er 1481 en þeir eru eflaust örlítið fleiri enda á líklega eftir að skrá stampa inn í LUKR. Almennt eru stampar losaðir 1 til 2 sinnum í viku en losunin fer almennt eftir álagi á viðkomandi svæði og einstaka stampa. Á vestursvæði eru stampar losaðir að jafnaði 1-2 í viku – álagsstampar við sundlaugar og Nauthólsvík eru losaðir oftar og þá sérstaklega á sumrin. Í miðborg eru flestir stampar losaðir daglega alla daga ársins og álagsstampar losaðir tvisvar á dag eða oftar eftir þörfum. Á sumrin eru fyrri og seinni vakt í losun um helgar. Að öðru leyti eru þeir losaðir annan hvern dag. Á austursvæði flestir stampar losaðir vikulega en aðrir losaðir hálfsmánaðarlega. Álagsstampar eru losaðir fyrir helgar.

Í töflunni hér að neðan má sjá fjölda stampa eftir hverfum.

| <b>Fjöldi ruslastampa í Reykjavík</b> |             |
|---------------------------------------|-------------|
| <i>Vestursvæði</i>                    |             |
| Vesturbær                             | 133         |
| Miðborg                               | 311         |
| Hlíðar                                | 103         |
| Laugardalur                           | 177         |
| Háaleiti/Bústaðir                     | 112         |
| <b>Samtals</b>                        | <b>836</b>  |
| <i>Austursvæði</i>                    |             |
| Breiðholt                             | 239         |
| Árbær                                 | 119         |
| Grafarvogur                           | 203         |
| Grafarholt/Úlfarsárdalur              | 62          |
| Kjalarnes                             | 22          |
| <b>Samtals</b>                        | <b>645</b>  |
| <b>Heildarfjöldi</b>                  | <b>1481</b> |

Virðingarfyllst,

Hjalti J. Guðmundsson

Skrifstofustjóri

Skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins